

## Aðalfundur Hjóladeild Vestra

Skátaheimilið Ísafjarðar 16. mars 2023 kl 20:00-22:00

Mættir: Sigurður, Edda, Atli, Guðni, Dagný, Ingi, Viðar, Ívar, Rúnar, Helga M, Nanný, Heiðar, Guðfinna, Embla

1. **Fundarsetning.** Sigurður A Jónsson formaður setti fundinn.
2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Formaður lagði til að Sigurður Jónsson yrði kjörinn fundarstjóri og Edda María fundarritari. Það var samþykkt með lófaklappi. Sigurður tók við fundarstjórn.
3. **Formaður deildar gerir grein fyrir starfssemi deildarinnar á liðnu starfsári.** Sigurður A Jónsson las upp skýrslu stjórnar/formanns 2022. Klappað fyrir henni.
4. **Gjaldkeri deildar leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum deildarinnar sem staðfestir hafa verið af kjörnum skoðunarmanni og gjaldkera aðalstjórnar.** Edda María Hagalín, gjaldkeri lagði fram ársreikinga og fór yfir helstu lykiltölur í rekstri deildarinnar. Edda María svaraði spurningum úr sal.
5. **Reglugerðabreytingar.** Engar reglugerðabreytingar liggja formlega fyrir fundinum en rætt var um þrjár breytingartillögur frá Heiðu. Skoða þarf heilstætt reglurnar en almennt eigum við að styðjast við reglur Íþróttafélagsins Vestra en mikið vantar í reglur Hjólreiðarfélagssins og þyrfti að skoða þær út frá reglum Vestra og annarra aðildarféлага. Vinna þarf í þessu máli og koma með skýrar reglugerðabreytingar fyrir næsta aðalfund.
6. **Ákvörðun um félagsgjald** Rætt var hvort halda ætti árgjaldi í 8.000 kr og hafa frítt fyrir börn undir 18 ára. Atli tekur til máls, þetta hefur verið rætt á síðustu þremur fundum og á síðasta fundi var lagt upp með að vera með virkari starfsemi sumarið 2022 sem varð ekki eins mikil og vænst var, en m.a. átti að vera ódýrara á námskeið fyrir félagsmenn. Aðeins eitt námskeið var. Ingi tók til máls og nefndi að gjaldið mætti ekki vera lægra en gjaldið sem er greitt per einstakling í HRI. Helga Möller tekur til máls og telur þetta ansi hátt fyrir fjölskyldu og ber saman við ferðafélagið sem er með sama gjald og er með skála út um allt land og margar ferðir í boði. Viðar tekur til máls, hann sant fund hjá HRI og eru þeir í miklum vandræðum, eiga enga peninga. Eru að halda 30 keppnir og mótin eru svo dýr og þeim vantar þáttakendur. Breytingartillaga kom fram á fundinum um að lækka í 5.000 og að fella út að einn forráðamaður þurfi að vera skráður í félagið. Samþykkt 13 – 1
7. **Kosningar:**
  1. **Kosinn formaður deildar til eins árs.** Sigurður A Jónsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu til formanns. Stjórn barst framboð til formanns fá Viðar Kristinsyni. Klappað var fyrir því.
  2. **Kosnir tveir meðstjórnendur og tveir varamenn til eins árs í senn.** Edda María Hagalín býðir sig áfram fram sem meðstjórnanda og framboð barst frá Atla Þór Jakobsson sem meðstjórnanda. Klappað var fyrir því og skipta meðstjórnendur með sér verkum. Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir gefur ekki kost á sér aftur. Ívar Már Svanbjörnsson gefur kost á sér sem varamaður og tvö framboð bárust. Annars vegar frá Nanný Örnú Guðmundsdóttur og síðan

Heiðu Jónsdóttur. Kosning fór fram. Ívar 9, Nanný 8, Heiða 1. Stjórn þakkar Heiðu fyrir stórglæsileg störf.

## 8. Markmið og sýn félagsins.

Kynnt tillaga að fjárhagsáætlun 2023.

### Kostnaður

Æfingar/námskeið	2.000.000
Kerra	1.000.000
Uppbygging á svæði	4.000.000

### Tekjur

Styrkir	2.000.000
Ísafj.bær	50.000
HSV áramót	200.000
Útistandandi styrkir	6.000.000

Það er byrjað að leita að þjálfara og athuga með húsnaði. Fá þjálfara til að hafa æfingar fyrir börn og fullorðna. Ingi tekur til máls og leggur til að reynt verði að hafa ráðningu þjálfara sjálfbæra.

**Magne Kvam vestur:** Góðvinur Viðars hefur sýnt mikinn áhuga á að koma vestur og byggja meira upp barnasvæðið og hefur sent okkur tilboð upp á 800þ. Grafa og olía yrðu 450þ. Fá skíðasvæðið til að taka þátt í uppbyggingu á hjólasvæðinu/brautum. Frans Friðrik lagði brautina í Úlfarsfelli og gæti verið kandidat til að leggja fullorðinsbrautir.

## 9. Viðurkenning til efnilegasta hjólreiðafólks Vestra

Embla Kleopatra Atladóttir tilnefnd. Viðar tekur til máls, karl sem sér um afreksbúðir talaði við hann eftir þingið og vill frá fleiri til að koma í afreksbúðirnar.

## 10. Önnur mál.

- Hjólaferðir: Rúnar tekur til máls, leggur til að skipulegðar verði hjólaferðir. Gæti hvatt fleiri til að koma í félagið sem finnst gaman að ferðast á hjólum. Helga stingur upp á m.a. að fara í Þórsmörk að hjóla. Atli leggur til að búin verði til ferðanefnd til að skipuleggja slíkt. Ívar leggur til að byrja nær.
- Formaður Vestra tekur til máls. Óskar okkur til hamingju með flott starf og gott starf. Þetta er starf er í mótum og ekkert meitlað í stein. Við lærum af reynslunni eins og varðandi reglugerðabreytingar ofl. Þetta eru vaxtaverkir því þetta er svo ungt félag, sem betur feru eru vaxtaverkir því þá er barnið að stækka. Gamán að fylgjast með hvað þetta er að gerast hratt. Hennar hlutverk sem formaður vestra er að láta öll hjörtu slá í takt og vera dugleg að koma fram í merki Vestra. Allir eru að vinna í sínu horni og mikil vinna er að halda svona starfsemi á floti. Ekki hlaupið að því að fá fólk til að vinna og þeir sem það gera eru að fórna mjög mikið af sínum frítíma í svona starf. Hún vill að hjörtu allra deilda slái í takt og munum alltaf að við erum Vestri og mikilvægt er að vera dugleg að kynna á okkar sameiginlega vettvangi sem er m.a. heimasíðan okkar vestri.is, facebook síðurnar vestri íþróttafélag og setur Guðfinna inn það sem hún sér og sumar deildir hafi fengið aðgang þarna inn. Vestri er stærstu félagasömtin á vestfjörðum og jafnvel landinu og röddin þarf að heyrast og það er mikilvægt að við tökum þátt í umræðunni og séum sýnileg. Engin tilnefning barst um íþróttamann ársins til HSV frá formanni

félagsins. Það þarf að vera vakandi fyrir samstarfinu, muna að við erum hluti af heild og erum hluti af Vestra. Guðfinna vill þakka Heiðu sem hefur unnið gríðarlegt brautryðjenda starf í þessari deild og átt góðan þátt í að koma henni á fætur og hennar framlag ómetanlegt til að koma hjólreiðadeild af stað og koma henni á þann stað sem hún er komin og þakkar kærlega fyrir það.

Sigurður svarar að miskilningur var hver væri að lesa póstinn og hann taldi aðra meðlima hafa ætlað að grípa þetta.

Viðar tekur til orðs, þakkar að taka við keflinu og vonar að samstarfið verði ljómandi. Sigurður gefur honum formlega orðið í pontu. Hann þakkar öllum og Heiðu. Félagið var stofnað 2018 og þá sat hann í stjórn í upphafi og vill nú taka við keflinu aftur. Kjörorð, að þetta sé gaman, að enginn sé að gera neitt einn, og í framtíðinni að með umræðu, þróun og hugsun sé stefna sett og við höldum áfram að gera það sem við erum að gera vel.

**9. Fundargerð lesin upp og fundarslit.** Ritari klárar fundargerð eftir aðalfund og birtir hann á vef deildarinnar. Formaður slítur fundi.